

Leikskólinn Nóaborg

Skólanámsskrá



apríl 2007

Efnisyfirlit:

1. Leikskólar Reykjavíkur	bls. 2
2. Leikskólinn Nóaborg	bls. 2
3. Aðaláherslur Nóaborgar	bls. 3
4. Stærðfræði	bls. 4
4.1. Formskynjun	bls. 4
4.2. Talnaskilningur	bls. 4
4.3. Hugtakaskilningur	bls. 4
5. Náms svið leikskóla	bls. 5
5.1 Hreyfing	bls. 5
5.2 Málrækt	bls. 5
5.3 Myndsköpun	bls. 6
5.4 Tónlist	bls. 6
5.5 Náttúra og umhverfi	bls. 7
5.6 Menning og samfélag	bls. 7
6. Hópastarf	bls. 8
7. Val	bls. 8
7.1 Könnunarleikurinn	bls. 8
8. Skóli án aðgreiningar	bls. 9
9. Börn af erlendum uppruna	bls. 9
10. Samstarf leikskóla og grunnskóla – elstu börnin	bls. 9
11. Daglegt líf	bls. 10
11.1 Matartímar	bls. 11
11.2 Hvíld	bls. 11
11.3 Fatnaður	bls. 11
11.4 Samverustundir	bls. 11
11.5 Að klæða sig úr og í	bls. 11
11.6 Skólasókn	bls. 12
11.7 Útivera og veikindi	bls. 12
11.8 Afmælis dagar	bls. 13
11.9 Uppsagnarfræstur	bls. 13
11.10 Sumarleyfi	bls. 13
12. Skipulags dagar	bls. 13
13. Námskeiðsdagar	bls. 13
14. Dagleg samskipti	bls. 14
15. Starfslýsingar	bls. 14
16. Samstarf starfsfólks	bls. 15
17. Foreldrasamstarf	bls. 16
17.1 Foreldraviðtöl	bls. 16
17.2 Foreldrafélag leikskólans	bls. 16
18. Mat á starfi Nóaborgar	bls. 16
19. Hefðir og hátíðir	bls. 17

1. Leikskólar Reykjavíkur

Leikskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 1994 og reglugerð við þau lög frá 1995. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og í samræmi við það hefur verið gefin út aðalnámskrá leikskóla (1999) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós Leikskóla Reykjavíkur að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum, byggt upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og að í leikskólunum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Leikskólar Reykjavíkur leggja áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn. Stefnan skal byggjast á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.



2. Leikskólinn Nóaborg

Leikskólinn Nóaborg er í Stangarholti 11 í Reykjavík. Hann tók formlega til starfa 13. desember 1986. Leikskólinn er þriggja deilda: *Fiðrildadeild* þar sem börnin eru eins og tveggja ára, *Fiskadeild* fyrir tveggja og þriggja ára börn og *Fíladeild* þar sem elstu börnin eru. Í leikskólanum dvelja að jafnaði 66 börn samtímis.

Símanúmer Nóaborgar eru: 562-9595 og 562-9553.

Netfang Nóaborgar er: noaborg@leikskolar.is

Heimasíða leikskólans kemst í gagnið nú í sumar og verður slóðin noaborg.is

Leikskólastjóri er Anna Margrét Ólafsdóttir.

3. Aðaláherslur Nóaborgar

Leikskólinn tekur mið af Aðalnámskrá fyrir leikskóla en leggur sérstaka áherslu stærðfræðivinnu með börnunum þ.e. formskynjun, hugtaka- og talnaskilning. Hugmyndafræði stærðfræðivinnunnar byggist að hluta til á hugsmíðahyggju og er sótt í smíðju ýmissa fræðimanna.

“Maður verður að uppgötva hvað það er sem maður hefur gengið að sem gefnu og *tileinka sér að taka eftir stærðfræðinni í hinu hversdagslega!* Þá fyrst er hægt að örva hugsanir barnsins og vekja áhuga þess á stærðfræðilegum hugtökum og hugmyndum, þ.e.a.s. að gera stærðfræðina sýnilega barninu í heimi þess og í samhengi við aðstæður sem hafa merkingu í huga þess. Þetta snýst um að fást við það sem börnin eru upptekin af og hjálpa þeim að líta á það sem stærðfræði. Þannig öðlast þau aðgang að þeim hugtökum sem þarf til að geta beitt tungumálinu svo þau geti tekist á við dagleg verkefni á stærðfræðilegan hátt.”

(Elisabet Doverborg & Ingrid Pramling Samuelsson)

Constance Kamii, Rheta De Vries og Lawrence Kohlberg eru þekkt fyrir hugsmíðahyggju (constructivism), sem er útfærsla þeirra og fleiri á kenningum Piagets um menntun yngri barna. Hugsmíðahyggjan byggir að því leyti á Piaget að hún telur það meginmarkmið að ýta undir formgerðarbreytingu í rökhugsun og stuðla þannig að því að barnið færir fyrst en ella frá einu vitþroskastigi til annars. Einnig er lögð höfuðáhersla á mikilvægi virkni barnsins í náms- og þróunarferli. Sótt er til hefðbundinna hugmynda um leikskólauppeldi að því er varðar efni, búnað og viðfangsefni, sem stuðla að virkni barnsins. Hins vegar eru kenningar Piaget taldar of takmarkaðar til að byggja megi á þeim einum í uppeldisstarfi. Með virkni sinni byggir barnið upp eigin hugmyndaheim. Það aðlagar nýja þekkingu að hugmyndum sínum um heiminn eða samhæfir hugmyndir sínar nýrri reynslu til að leysa úr þeirri togstreitu sem verður ef sú reynsla stangast á við hugmyndakerfi þess. Í þessu ferli þróast smátt og smátt hugmyndaheimur barnsins. “Röngum” hugmyndum er vikið til hliðar og um leið þróast rökhugsunin og barnið verður smám saman færð um að takast á við flóknari verkefni. Þegar unnið er með börnum er þess vegna mikilvægt að leggja sífellt fyrir efni sem ögrar hugmyndaheimi þeirra, er aðeins ofan við getu þeirra, og kallar þannig fram togstreitu og árekstra milli ríkjandi hugmynda þeirra og nýrrar reynslu.

4. Stærðfræði

4.1. Formskynjun

Markmiðið er að börnin kynnist algengustu formunum og læri að þekkja þau. Á Fiðrildadeild eru notuð þrjú form: hringur, ferningur og þríhyrningur. Á Fiskadeild bætist rétthyrningur við og á Fíladeild er síðan unnið með fleiri form t.d. sexhyrning og tígul. Notuð eru ýmis spil og leikir sem markvisst örva formskynjun barnanna. Dæmi um það eru minnispil, bingó og ýmis samstæðuspil. Viðfangsefnið verða flóknari eftir því sem börnin eldast og má í því sambandi nefna að á yngstu deildinni eru börnin að para saman eins form á meðan börnin á þeirri elstu eru að sauma myndir sem þau sjálf teikna úr formum.



4.2. Talnaskilningur

Talnaskilningur örvast í daglegu starfi barnanna. Tölustafir eru hafðir aðgengilegir börnunum og eru víða hengdir upp. Á öllum deildunum fá börnin að leika sér með lausa tölustafi sem eru hafðir misstórir og miðast það við þroska barnanna. Spiluð eru teningaspil af ýmsum gerðum og farið í talnaleiki. Yngstu börnin telja líkamshluta á meðan þau elstu eru í búðarleik með verðmerktar vörur, talnagrind og peninga. Oft er boðið upp á ávexti í eftirmat og eru þeir tímar gjarnan notaðir til að örva börnin í talningu. Börnin eru þá spurð hve marga bita þau vilji og eru dæmi þess að hálf t epli hafi verið skorið í 97 bita og þá töldu allir saman. Yngstu börnin biðja oftast um einn, tvo eða þrjá bita og sýna það þá með fingrunum en þau eldri velja oftast 10-20 bita.

4.3. Hugtakaskilningur

Lögð er áhersla á yfir- og undirhugtök. Hugtökin eru alltaf kynnt hlutlægt fyrir börnunum á ýmsan hátt í gegnum leik áður en það er unnið huglægt.

5. Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

5.1. Hreyfing

Hreyfing fléttast inn í daglegt starf leikskólans. Í leikskólanum höfum við góðan sal, vel útbúinn ýmsum tækjum sem örva hreyfiþroska og þol barnanna. Deildirnar skiptast á afnotum af salnum. Í hópstarfi eru skipulagðar hreyfistundir tengdar stærðfræðinni. Hreyfidagar eru mánaðarlega yfir vetrartímann og eru þá settar upp hreyfistöðvar í öllu húsinu. Öll börn fara út a.m.k. einu sinni á dag yfir vetrartímann og oftár á sumrin. Þar gefst kostur á mikilli hreyfingu í góðu rými. Farið er í gönguferðir og ýmsa útileiki.



5.2. Málrækt

Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi. Börnin eru spurð opinna spurninga og þau krafín um svar. Starfsfólk talar mikið við börnin á meðan það sinnir þeim. Í matartímum er rætt um hvað verið er að borða. Bækur eru lesnar í samverustundum, myndir skoðaðar og spjallað saman á eftir. Ritmál er haft víða sýnilegt, stólar merktir með nöfnum, "stimpilkort" með nöfnum barnanna á eldri deildum, merkingar í fatahólfum barnanna, leikefni merkt sem og staðurinn fyrir það í hillunni. Börnin fá þjálfun í framsögn með því að standa frammi fyrir hópnum og segja frá einhverju skemmtilegu eða syngja. Mikið er unnið með rím, í hópstarfi, vali og samverustundum. Elstu börnin semja og myndskreyta ævintýri sem eru lesin reglulega í samverustundum.

5.3. Myndsköpun

Myndsköpun fer aðallega fram í hópstarfi og vali. Unnið er með ólíkan efnivið og mismunandi aðferðir. Lögð er áhersla á sköpun barnsins og fyrimyndir hafðar í lágmarki. Börnin fá oft ákveðin fyrirmæli um hvað gera skuli en barnið útfærir verkefnið á sinn hátt. Börnin nota þekjuliti mikið og sjá oft um litablöndun sjálf enda notum við aðallega grunnlitina; bláan, rauðan og gulan. Vatnslitir, trélitir, vaxlitir, taulitir, glerlitir, duftlitir og fleira eru einnig töluvert notaðir. Verðlausir hlutir eru gjarnan notaðir í myndsköpun og má þar nefna eggjabakka, umbúðir utan af morgunkorni, garnafganga o.fl. Úr náttúrunni er unnið með sand, skeljar, laufblöð, steina o.fl. Leikdeig sem börn og starfsfólk búa til saman er einnig mikið notað. Þá hafa börnin aðgang að skærum, tímaritum, pappír og lími.



5.4. Tónlist

Á hverjum degi er sungið á hverri deild og einu sinni í viku er sameiginleg söngstund í salnum. Deildirnar skiptast á að stjórna þessum söngstundum og er lagaval fjölbreytt. Hver deild kemur með sitt óskalag inn í þessa söngstund og syngja börnin þá gjarnan fyrir hópinn. Tónlistinni er m.a. fléttað inn í hópstarfið, börnin læra vísur og vinna með þær. Hlustað er á tónlist úr ýmsum áttum og dansað við mismunandi tónlist. Danskennari hefur komið reglulega undanfarin ár og haldið dansnámskeið fyrir öll börn þriggja ára og eldri. Hverju námskeiði lýkur síðan með danssýningu fyrir foreldra. Foreldrar borga fyrir námskeiðin en reynt er að niðurgreiða hluta hans af foreldrasjóði. Leikskólinn á töluvert af hljóðfærum sem börnin fá að leika sér með og prófa. Einnig fá börnin að búa til hljóðfæri t.d. hristur.

5.5. Náttúra og umhverfi

Farið er í vettvangsferðir þar sem umhverfið er skoðað. Verið er að skoða mismunandi hús, bílnúmer og húsnúmer, safnað verðlausu efni til nota í leikskólanum. Farið er í sveita- og/eða fjöruferð á hverju ári. Fylgst er með veðurfari og á elstu deildinni skiptast börnin á að vera veðurfræðingar. Hlutverkið felst í því að gá til veðurs fyrir útiveruna, stilla veðurkortíð og færa inn viðeigandi klæðnað.



5.6. Menning og samfélag

Í fjölmennningarlegu samfélagi er mikilvægt að kynna fyrir börnunum ólíka menningu, hefðir og venjur sem ríkja í samfélaginu. Börnin þurfa að kynnast menningu sinnar þjóðar og annarra. Þau þurfa að læra umburðarlyndi gagnvart öðrum, temja sér fordómaleysi og læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Í leikskólanum eru börn frá ýmsum löndum og við kynnum okkur þeirra menningu t.d. með því að borða mat frá ýmsum löndum, hlusta á tónlist og syngja lög frá öðrum löndum. Einnig höldum við einn alþjóðadag að vori. Við lesum bækur og ræðum um ólíka menningarhópa og ólíkar fjölskyldugerðir. Við höldum upp á afmæli barnanna og afmæli leikskólans. Farið er í kirkju á aðventunni. Listamenn koma í heimsókn í leikskólann með leiksýningar og tónlistaratriði.

6. Hópastarf

Öll börn fara í hópastarf tvisvar í viku og er þeim skipt eftir aldri í hópana. Sami starfsmaður er með hópin allan veturinn. Börnum er mikilvægt að finna að þau tilheyri ákveðnum hópi og að þau hafi þar hlutverki að gegna, það styrkir sjálfsmynd þeirra. Markmið hópastarfsins er að börnin læri að vinna í hóp og taka tillit hvert til annars. Í hópastarfi er mikið unnið með stærðfræðina og hún tengd námssviðum leikskóla sem fjallað hefur verið um hér á undan.

7. Val

Þegar ekki er hópastarf fara börnin á eldri deildunum í val. Á Fiðrildadeild er ekki eiginlegt val þó börnin fái að velja á milli viðfangsefna. Í valinu fær frjálsi leikurinn að njóta sín. Börnin velja sér viðfangsefni með því að hengja nafnspjöld fyrir neðan mynd af því sem er í boði. Hægt er að skipta um viðfangsefni á valtímanum. Í gegnum valið fara börnin í gegnum alla flokka leiksins sem eru:

- Skynfæra- og hreyfileikir
- Sköpunar- og byggingaleikir
- Þykjustu- og hlutverkaleikir
- Regluleikir eða leikir með leikreglum

7.1. Könnunarleikur

Á Fiðrildadeild höfum við nýverið tekið inn Könnunarleikinn. Þessi leikur hefur verið að færast í vöxt hér á landi síðustu ár með yngstu börnum leikskólans. Hlutirnir sem börnin fá í könnunarleik eru hversdagslegir hlutir og ílát s.s. stórar dósir, kökubox, öskjur úr pappa eða tré, gamaldags þvottaklemmur úr tré, garndúskar, keðjur, rör og pappahólkar og margt, margt fleira. Það er ekki nýtt að börn leiki sér með það sem við köllum verðlaust efni en hér er á ferðinni sérstök útfærsla á því að nálgast efniviðinn með ákveðinn tilgang í huga. Börnin leika sér í litlum hópum og hlutverk starfsmannsins er að fylgjast með þeim af áhuga án mikilla afskipta. Þess að taka þátt í þeirra leik. Leikur sem barnið stjórnar sjálft felur í sér eigin umbun, þar sem hrós og athugasemdir eru óþarfar. Tíminn, sem fer í tiltekt, er jafn mikilvægur tímanum sem fer í leik og er í raun framlenging á leiknum. Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekkert en í tiltektinni nefnir hann hlutina sem hann vill að barnið setji í hvern poka, og koma þá hugtökin þar inn eins og fyrir aftan, fyrir framan, undir, bakvið o.s.frv.

8. Skóli án aðgreiningar

Sérhvert barn er einstakt og hefur rétt á kennslu við hæfi. Leitast er við að miða leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins svo hver einstaklingur fái notið sín á eigin forsendum innan barnahópsins. Þörf barna fyrir sérkennslu í lengri eða skemmri tíma er ýmist sinnt í formi einstaklingskennslu, hópkenndu eða sem stuðningur innan barnahópsins.

9. Börn af erlendum uppruna

Í leikskólanum Nóaborg er fjölmenningsstefna Leikskóla Reykjavíkur höfð að leiðarljósi. Eitt af markmiðunum þar er að efla og bæta þjónustu og samvinnu við útlenda foreldra. Hægt er að leita sér aðstoðar hjá Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík með tülka og aðra fræðslu til starfsmanna.



10. Samstarf leikskóla og grunnskóla – elstu börnin

Elsti árgangur leikskólans er í hópstarfi þrisvar sinnum í viku þar sem aðallega er lögð áhersla á stærðfræði, framsögn, mál- og félagsþroska. Elstu börnin fara í gegnum matið HLJÓM 2 sem kannar hljóðkerfisvitund barna. Með þessu tæki er verið að reyna að finna þau börn sem hugsanlega gætu lent í lestrarörðugleikum í skóla. Fastur liður er hjá börnunum að fara á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, fara til leikskólakennaranema í KHÍ þar sem nemarnir eru að æfa sig í að stjórna samverustundum, þau fara í útskriftarferð á vorin og haldin er útskriftarhátíð þar sem foreldrum er boðið til veislu með börnunum og starfsfólki deildarinnar. Þessi hópur fer í nokkrar vettvangsferðir yfir veturinn og heimsækir m.a. Norræna húsið, Keramikhúsið þar sem þau gera leirplatta, Húsdýragarðinn, Slökkvistöðina auk þess að fara í lengri og styttri gönguferðir um næsta nágrenni leikskólans. Tengsl leikskólans við Háteigsskóla sem er okkar hverfissskóli eru að aukast. Börnin í elsta árgangi fara í heimsókn í skólann. Þau fá að sitja í kennslustund hjá 1. bekk, vinna þar verkefni og skoða skólann undir leiðsögn.

11. Daglegt líf

Daglegt líf í leikskólanum markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Á ákveðnum tíma matast börnin, þvo sér, hvíla og sofa. Ábyrg umönnun er fólgin í því að annast barn út frá líkamlegum og andlegum þörfum af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Hlýleg og traust umönnun er því grundvallarforsenda þess að barn geti unað, leikið sér og lært í leikskólanum. Í dagskipulaginu ríkir jafnvægi á milli mismunandi þátta: frjálsra og skipulagðra leikja; innileikja og útileikja; félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa starfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.



11.1. Matartímar

Morgunmat er kl. 8.30, hádegisverður er kl.11.45 og síðdegishressing kl.15.00. Í leikskólanum er lögð áhersla á hollan og heimilislegan mat s.s. fisk, kjöt, pasta, súpur, brauð og gott álegg. Ávextir eru í boði daglega. Matseðill er gerður mánaðarlega af matráðum og í samráði við leikskólustjóra. Matseðillinn er hengdur upp við hverja deild fyrir sig. Auk þess er hann vikulega settur inn á heimasíðu leikskólans sem má finna á mentor.is.

Börnin á eldri deildunum skiptast á að vera þjónar og taka þannig þátt í að undirbúa matmálstímana með því að leggja á borð og sækja fram það sem vantar. Eldri börnin ganga frá sínum matardiskum og glösum á matarvagninn. Hvert barn og starfsmaður á ákveðið sæti í matartímanum. Það veitir börnunum öryggi. Matartíminn er róleg stund þar sem eiga sér gjarnan stað uppbyggilegar samræður. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og að smakka á öllu sem er á boðstólum.

11.2. Hvíld

Eftir hádegisverðinn fara öll börn í hvíld. Dýnur og teppi eru fyrir börnin til að hvíla sig á. Á meðan yngstu börnin sofa er lesið fyrir þau eldri eða þau hlusta á sögur eða tónlist af geisladiskum eða spólum.

11.3. Fatnaður

Æskilegt er að merkja fatnað barnanna, þá eru minni líkur á að hann glatist. Nauðsynlegt er að hafa aukaföt til skiptanna með börnunum (nærföt, sokka, buxur, peysu o.fl.). Í töskunni skulu einnig vera góð hlífðarföt t.d. kuldaskór, stígvél, vettlingar og ullarsokkar. Léttari fatnaður er þó í töskunni yfir hlýjstu sumarmánuðina. Allan fatnað og skó þarf að taka heim á föstudögum vegna þrifa. Góð regla er að fara daglega yfir tösku barnsins og fylgjast með því að ekki vanti neitt og að allt sé hreint. Leikskólinn hefur ekki aukaföt fyrir barnið.



11.4. Samverustundir

Á hverjum degi eru samverustundir á öllum deildum. Þar er margt gert; sungið, lesið, farið í leiki, spjallað um daginn og veginn, fundin rímorð, lærðar þulur og margt fleira.

11.5. Að klæða sig úr og í

Tíminn í fataklefanum er einn af stóru þáttunum í leikskólastarfinu. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og þau fá góðan tíma til að athafna sig. Á eldri deildunum er hengt upp myndrænt í hvaða fötum eigi að fara út sem og í hvaða röð sé best að klæða sig.

11.6. Skólasókn

Leikskólinn starfar milli kl. 7:30-17:30.

Foreldrum ber að virða þann vistunartíma sem barnið á í leikskólanum. Vinnutími starfsfólks er skipulagður út frá vistunartíma barnanna. Hægt er að sækja um breytingu á vistunartímanum hjá leikskólastjóra og er það gert með mánaðarfyrirvara og miðast við mánaðamót. Vinsamlegast látið vita ef annar en foreldrar sækja barnið. Börn yngri en 12 ára mega ekki koma með eða sækja börn í leikskólanum. Mjög gott er að láta vita ef barnið kemur ekki í leikskólann, hvort sem það er einn dagur eða fleiri.

Ath: Á milli kl.11:45 og 13:00 er hádegisverður og hvíld. Á þeim tíma tókum við ekki á móti börnum.



11.7. Útivera og veikindi

Börnin fara út á hverjum degi. Sumir foreldrar óska eftir inniveru fyrir barnið sitt í því skyni að verja það fyrir sýkingum og öðrum veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Barni er leyft að vera inni í einn til tvo daga eftir veikindi og hefur verið heima a.m.k. einn sólarhring hitalaust. Athugið: Barnið getur líka verið veikt þótt hiti sé ekki merkjanlegur. Foreldrar skulu meta það hverju sinni hvort barnið er tilbúið að takast á við "vinnudag" í leikskólanum! Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í algjörum undantekningartilfellum.

11.8. Afmælis dagar

Afmælisbörn fá að velja sér sérstaka diskka og glös fyrir matar- og kaffitíma dagsins. Þetta eru diskar/glös með myndum af ýmsum þekktum teiknimyndapersónum. Börnin fá einnig kórónu og afmælissöngurinn er sunginn.

Ekki er ætlast til þess að boðskort í afmælisveislur séu sett í fatahólf barnanna. Það skapar óþarfa leiðindi hjá börnunum. Miðað er við að gefa út símaskrá fyrir hverja deild að hausti þannig að hægt sé að hringja og bjóða í afmælin.

11.9. Uppsagnarfrestur

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðamót.

11.10. Sumarleyfi

Öll börn þarfnast þess að fara í frí og farið er fram á að foreldrar taki fjögurra vikna samfelld sumarfrí fyrir börn sín.



12. Skipulags dagar

Skipulags dagar eru tveir á ári og er leikskólinn lokaður þá daga. Gerð er ársáætlun og/eða endurmat, fyrirlesarar koma og halda fyrirlestra um ýmis málefni tengd leikskólastarfinu. Skoðuð eru fræðslumyndbönd og önnur skipulags- og undirbúningsvinna unnin.

13. Námskeiðsdagur

Námskeiðsdagur er einn á ári. Þann dag er leikskólinn lokaður og er nýttur undir fræðslu til starfsmanna, sem nýtast má í leikskólastarfinu.

14. Dagleg samskipti

Deildarstjóri ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og tengslum við foreldra. Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem helst hefur drifið á daga barnsins í leikskólanum og starfsfólk þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans. Því er lögð áhersla á gagnkvæm samskipti. Gæta þarf þess samt að ræða ekki um börnin yfir þeim þannig að þau heyri. Við inngang hverrar deildar er upplýsingatafla fyrir foreldra. Á töfluna eru settar orðsendingar sem þurfa að berast foreldrum. Foreldrar fá ekki upplýsingar um önnur börn leikskólans enda er starfsfólkið bundið þagnarheiti um þá vitneskju sem það öðlast um börn, foreldra og samstarfsfólk.



15. Starfslýsingar

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennari og **leiðbeinandi** vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Matráðar í eldhúsi sjá um matartilbúning, gerð matseðla og innkaup á matvöru fyrir leikskólann.

16. Samstarf starfsfólks

Góð samskipti og samvinna einkennir vinnustaðinn Nóaþing. Gott samstarf á milli starfsfólks er lykillinn að góðum leikskóla. Opin og heiðarleg samskipti eru áhersluatriði okkar. Tekið er á málum jafnóðum og þau koma upp. Starfsmannafundir eru mánaðarlega yfir vetrartímann og er markmið þeirra að efla faglegt starf leikskólans með ýmis konar fræðslu og kynningum, leysa ágreiningsmál, efla samkennd, deila út verkefnum o.fl.

Deildarfundir eru haldnir hálfsmánaðarlega en þá hittist allt starfsfólk hverrar deildar og fer yfir málefni sem tengjast deildinni. Fundirnir eru tæplega klukkustundarlangir og á meðan á þeim stendur eru börnin í umsjá annarra starfsmanna leikskólans.



Deildarstjórafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega og á þeim fundum hittast leikskólastjóri, sérkennari og deildarstjórar. Á þessum fundum er farið yfir skipulag leikskólans og teknar ýmsar ákvarðanir um innra og ytra starfs leikskólans.

Á hverjum morgni hittast deildarstjórar og leikskólastjóri í nokkrar mínútur til að fara yfir stöðu dagsins í húsinu þann daginn í sambandi við starfsmannahald og skipulag dagsins.

17. Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólinn er stuðningur við uppeldið. Gott samstarf foreldra og starfsfólks er mjög mikilvægt í þessu sambandi. Nýir foreldrar eru boðaðir á fund hjá leikskólastjóra þar sem starfsemi leikskólans er kynnt og gerður dvalarsamningur fyrir barnið. Nýjum börnum og foreldrum þeirra er boðið á opið hús leikskólans sem er í maímánuði.

17.1. Foreldraviðtöl

Formleg foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári og hittir þá deildarstjóri foreldra og fer yfir stöðu barnsins í leikskólanum. Foreldrar geta pantað viðtalstíma við deildarstjóra þess fyrir utan. Fréttabréf er gefið út til foreldra að jafnaði annanhvern mánuð yfir vetrartímam. Viðbótar fréttabréf eru svo gefið út ef ástæða þykir til.

17.2. Foreldrafélag leikskólans

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfandi í leikskólanum. Í stjórn þess sitja foreldrar 3 barna af hverri deild og einn fulltrúi starfsfólks. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur nokkrar uppákomur yfir veturinn og innheimtir gjöld í foreldrasjóð. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn í september ár hvert. Þá er kosið í foreldraráð leikskólans. Sama kvöld fer einnig fram kynning á vetrarstarfi leikskólans.

18. Mat á starfi Nóaborgar

Innra mat á starfi leikskólans fer aðallega fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Mat á starfsemi deildanna fer fram á deildarfundum. Starfsviðtöl eru árlega og er þeim ætlað að auka þátttöku starfsfólks í mótun eigin starfspróunar. Leikskólastjóri hittir þá hvern starfsmann einslega. Fyrir foreldraviðtölin er lagt formlegt mat á stöðu barnsins í leikskólanum. Matið felst í því að athuga m.a. félagslega færni, hreyfiproska, málproska, fínhreyfingar, hugtakaskilning, talnaskilning.

Annað hvert ár standa Leikskólar Reykjavíkur fyrir könnun á starfsemi leikskólans. Í henni taka þátt bæði starfsfólk og foreldrar.

19. Hefðir og há tíðir

Ýmsar hefðir hafa skapast í leikskólanum með árunum:

janúar:

- Þorrinn er blótaður með því að útbúið er hlaðborð í salnum og þangað sækja börnin sér mat.

febrúar:

- Blár dagur. Þá koma börn og starfsfólk í einhverju bláu og bláa litnum er gert hátt undir höfði í leik og mat.
- Á bolludaginn eru snæddar bollur með rjóma.
- Á sprengidaginn borðum við saltkjöt og baunir.
- Á öskudaginn er grímuball og popp slegið úr tunnuni.

mars/apríl:

- Rétt fyrir páska er gulur dagur. Þá koma börn og starfsfólk í einhverju gulu og gula litnum gert hátt undir höfði í leik og mat.
- Um páskaleytið er foreldrum boðið í kaffi í leikskólann. Þar gefst tækifæri til að hitta aðra foreldra og fylgjast með börnunum í leik.

maí:

- Farið í sveitaferð að skoða dýrin og eru foreldrar velkomnir með.
- Í lok maí er útskrift elstu barna leikskólans. Þau fara í ferð út á land og þegar þau koma til baka um kl. 17 er foreldrum og systkinum boðið til veislu. Börnin skemmta með söng og dansi og að lokum eru börnin útskrifuð formlega úr leikskólanum og fá viðurkenningarskjal og rós.
- Opið hús í leikskólanum þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að sjá afrakstur af vetrarstarfi leikskólans. Stundum er opna húsið í tengslum við sumarhátíð foreldrafélagsins og er þá garðurinn notaður til grillveislu og leikja.
- Tveir elstu árgangar leikskólans fara í umferðarfræðslu.

júní:

- Sumarhátíð foreldrafélagsins er í júní, annað hvort í tengslum við opna húsið í leikskólanum og þá á laugardegi eða á föstudagseftirmiðdegi. Þá er gjarnan fenginn hoppukastali fyrir börnin og grillaðar eru pylsur.
- Farið á sýningu Brúðubílsins í nágrenninu.

júlí/ágúst:

- Farið í styttri og lengri vettvangsferðir t.d. í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, niður að Tjörn, á Miklatún.

september/október:

- Grænn dagur. Þá koma börn og starfsfólk í einhverju grænu í leikskólann og græna litnum er gert hátt undir höfði í leik og mat.

nóvember:

- Í lok nóvember fá öll börnin að skera út laufabrauð.
- Börnin útbúa jólagjafir til foreldra.

desember:

- Í byrjun desember kemur til okkar einhver skemmtileg leiksýning og að henni lokinni borðum við hangikjöt með tilheyrandi meðlæti. Rauður dagur er einnig þennan dag og allir koma í einhverju rauðu og rauða litnum er gert hátt undir höfði.
- Börnin baka og skreyta piparkökur.
- Afmæli leikskólans er 13. desember.
- Kirkjuferð.
- Jólaball í leikskólanum fyrir börnin og foreldrakaffi þar á eftir. Foreldrum er þá boðið upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökurnar sem börnin hafa bakað.
- Kaffihúsaferð.



Annað:

- Hreyfidagar eru nokkrir yfir veturinn. Börnin koma með íþróttaföt í leikskólann, þeim er skipt upp í hópa sem fara á milli hreyfistöðva.
- Danskennsla fyrir þriggja ára og eldri. Auður Haralds danskennari hefur haldið tvö átta vikna námskeið yfir veturinn.
- Sameiginlegar söngstundir í salnum alla föstudagsmorgna. Deildirnar skiptast á að stjórna þeim.
- Foreldrafundur er haldinn seinni part septembermánaðar og er það kvöldfundur. Þar er vetrarstarfið kynnt og jafnframt kosnir fulltrúar foreldra í foreldraráð leikskólans.

Með óskum um gott og farsælt samstarf,
starfsfólk Nóaborgar